# Frjálsi Fjárfestingarbankinn hf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

## 1. janúar til 30. júní 2008

Frjálsi Fjárfestingarbankinn hf.
Lágmúli 6
108 Reykjavík

kt. 691282-0829

# Efnisyfirlit


| | bls. | | bls. |
|---|---|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnenda á árshlutareikninginn ..................................... | 3 | Eiginfjáryfirlit ............................................... | 7 |
| Könnunaráritun óháðs endurskoðanda ............ | 4 | Samandregið sjóðstreymisyfirlit .................. | 7 |
| Rekstrarreikningur ........................................... | 5 | Skýringar ..................................................... | 8 |
| Efnahagsreikningur ......................................... | 6 | | |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnenda á árshlutareikninginn

Samandreginn árshlutareikningur Frjálsa Fjárfestingarbankans hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008 hefur verið gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) um árshlutareikninga (IAS 34) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn samanstendur af árshlutareikningi Frjálsa Fjárfestingarbankans hf. og dótturfélaga, saman vísað til sem bankinn.

Hagnaður varð af rekstri bankans á tímabilinu 1. janúar - 30. júní 2008, að fjárhæð 146 millj. kr. Eigið fé hans þann 30. júní nam 5.968 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi að meðtöldu hlutafé sem nam 1.097 millj. kr. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 10,7% hjá bankanum. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

**Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra**

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu bankans á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2008, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. júní 2008 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2008. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn og skýrsla og yfirlýsing stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri bankans, stöðu hans og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem bankinn býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Frjálsa Fjárfestingarbankans hf. staðfesta hér með samandreginn árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. júlí 2008.

**Stjórn**

Guðmundur Hauksson
Formaður

Kristján Harðarson — Ragnar Þ. Guðgeirsson

Ósvaldur Knudsen — Valgeir M. Baldursson

**Framkvæmdastjóri**

Kristinn Bjarnason

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Frjálsa Fjárfestingarbankans hf.

## Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Frjálsa Fjárfestingarbankans hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008, sem hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, samandregið sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuárshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um samstæðuárshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að árshlutareikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu bankans á tímabilinu, fjárhagsstöðu hans 30. júní 2008 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 30. júlí 2008.

*KPMG hf.*

Sigurður Jónsson

# Rekstrarreikningur

## fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008

| | Skýr. | 2008<br>1.1.-30.6. | 2007<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur | | 4.819.230 | 3.429.725 |
| Vaxtagjöld | | (4.630.974) | (3.106.801) |
| **Hreinar vaxtatekjur** | | 188.256 | 322.924 |
| Þjónustutekjur | | 57.107 | 62.421 |
| Arðstekjur | | 0 | 36.854 |
| Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum | 3 | 174.963 | 1.031.787 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | | 369 | 1.222 |
| Aðrar rekstrartekjur | 4 | 99.111 | 87.491 |
| **Hreinar rekstrartekjur** | | 519.806 | 1.542.699 |
| Laun og launatengd gjöld | | (140.932) | (129.368) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (109.103) | (91.829) |
| Afskriftir | | (26.379) | (14.403) |
| Virðisrýrnun útlána | 11 | (237.785) | (52.687) |
| | | (514.199) | (288.287) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 5.607 | 1.254.412 |
| Tekjuskattur | 5 | 139.901 | (219.152) |
| **Hagnaður tímabilsins tilheyrandi hluthöfum Frjálsa Fjárfestingarbankans hf.** | | 145.508 | 1.035.261 |
| Hagnaður á hlut | | 0,13 | 0,94 |

# Efnahagsreikningur

## 30. júní 2008

| | Skýr. | 30.6.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Kröfur á lánastofnanir | 6-7 | 244.454 | 1.965.005 |
| Útlán til viðskiptavina | 8-11 | 75.935.837 | 63.762.432 |
| Veltufjáreignir | 12 | 0 | 424.202 |
| Fjáreignir á gangvirði | 13 | 124.436 | 1.323.322 |
| Hlutir í hlutdeildarfélögum | | 97.253 | 96.417 |
| Óefnislegar eignir | | 22.904 | 15.075 |
| Rekstrarfjármunir | | 1.791.644 | 1.694.556 |
| Fastafjármunir til sölu | 14 | 716.875 | 459.726 |
| Aðrar eignir | 15 | 796.147 | 751.275 |
| **Eignir samtals** | | 79.729.550 | 70.492.010 |
| **Skuldir** | | | |
| Veltufjárskuldir | 12 | 1.210.834 | 0 |
| Lántökur | 16-17 | 72.293.844 | 64.161.401 |
| Skattskuldir | | 120.249 | 288.315 |
| Aðrar skuldir | | 136.701 | 218.888 |
| **Skuldir samtals** | | 73.761.628 | 64.668.604 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 1.096.603 | 1.096.702 |
| Yfirverðsreikningur | | 273.283 | 274.176 |
| Óráðstafað eigið fé | | 4.598.036 | 4.452.528 |
| **Eigið fé samtals** | 18 | 5.967.922 | 5.823.406 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 79.729.550 | 70.492.010 |

# Eiginfjáryfirlit
## fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008

| | Hlutafé | Eigið fé<br>Yfirverðs-<br>reikningur | Óráðstafað<br>eigið fé | **Eigið fé samtals** |
|---|---|---|---|---|
| **Breytingar á eigin fé 1.1.-30.6.2008:** | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2008 | 1.096.702 | 274.176 | 4.452.528 | 5.823.406 |
| Kaup á eigin bréfum | (99) | (893) | | (992) |
| Hagnaður tímabilsins | | | 145.508 | 145.508 |
| Eigið fé 30. júní 2008 | 1.096.603 | 273.283 | 4.598.036 | 5.967.922 |
| **Breytingar á eigin fé 1.1.-30.6.2007:** | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2007 | 1.096.702 | 274.176 | 3.248.939 | 4.619.817 |
| Hagnaður tímabilsins | | | 1.035.261 | 1.035.261 |
| Eigið fé 30. júní 2007 | 1.096.702 | 274.176 | 4.284.200 | 5.655.078 |

# Samandregið sjóðstreymisyfirlit
## fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008

| | 2008<br>1.1.-30.6. | 2007<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Rekstrarhreyfingar | 133.828 | 111.191 |
| Fjárfestingarhreyfingar | (141.941) | (85.576) |
| Fjármögnunarhreyfingar | (992) | 0 |
| Breyting á handbæru fé | (9.105) | 25.615 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 179.715 | 258.264 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | 170.610 | 283.879 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

Frjálsi Fjárfestingarbankinn hf. er starfandi og staðsettur á Íslandi. Samandreginn árshlutareikningur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008 samanstendur af árshlutareikningum Frjálsa Fjárfestingarbankans hf. og dótturfélaga, hér eftir saman vísað til sem bankinn. Frjálsi Fjárfestingarbankinn hf. er dótturfélag Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.

### 1. Yfirlýsing um að alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum (IFRS) sé fylgt

Samandregni árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) IAS 34 um árshlutareikninga, eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samandregni árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem ráð er gert fyrir í ársreikningi og ætti að vera lesinn með hliðsjón af ársreikningi bankans fyrir árið 2007.

### 2. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir við gerð samandregins árshlutareiknings bankans eru þær sömu og notaðar voru við gerð samstæðuársreiknings bankans fyrir árið 2007.

Árshlutareikningur og ársreikningur Frjálsa Fjárfestingarbankans hf. vegna ársins 2007 eru tiltækir á skrifstofu bankans, Lágmúla 6, Reykjavík eða á heimasíðunum www.frjalsi.is og www.omxnordicexchange.com

Samandregni árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

## Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| 3. Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum greinast þannig: | 1.1 - 30.6. | 1.1 - 30.6. |
| Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum | 25.614 | 0 |
| Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði | 0 | 998.472 |
| Hreinn gjaldeyrismunur | 149.349 | 33.315 |
| **Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum** | 174.963 | 1.031.787 |

## Aðrar rekstrartekjur

4. Aðrar rekstrartekjur greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Hagnaður af sölu eigna | 27.670 | 31.524 |
| Leigutekjur | 49.956 | 22.907 |
| Aðrar rekstrartekjur | 21.485 | 33.060 |
| **Aðrar rekstrartekjur** | 99.111 | 87.491 |

## Tekjuskattur

| 5. Virkt skatthlutfall: | | 1.1.-30.6.2008 | | 1.1.-30.6.2007 |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 5.607 | | 1.254.412 |
| Tekjuskattur af hagnaði tímabilsins | 15,0% | 841 | 18,0% | 225.794 |
| Áhrif lækkunar skatthlutfalls úr 18% í 15% | (523,2%) | (29.334) | | |
| Bakfærð tekjuskattsskuldbinding vegna hlutabréfa | (1.994,2%) | (111.817) | | |
| Arðstekjur undanþegnar tekjuskatti | 0,0% | 0 | (0,5%) | (6.634) |
| Aðrar breytingar | 7,3% | 409 | (0,0%) | (8) |
| **Virkur tekjuskattur** | (2.495,1%) | (139.901) | 17,5% | 219.152 |

Í maí síðastliðnum samþykkti Alþingi lækkun á tekjuskattshlutfalli úr 18% í 15% frá og með 1. janúar 2008 og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu ársins 2009. Vegna þessa hefur tekjuskattsskuld lækkað um 29 millj. kr. miðað við 31. desember 2007. Lækkunin er færð á fyrri helmingi ársins til tekna í rekstrarreikningi.

5. frh.:

Í maí síðastliðnum samþykkti Alþingi að heimila félögum, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, að draga frá skattskyldum tekjum hagnað af sölu hlutabréfa og skráðra afleiðusamninga um hlutabréf. Frádráttur er eingöngu heimill ef yfirfæranlegt skattalegt tap, þar með talið tap ársins, hefur verið jafnað. Heimildin gildir um söluhagnað sem myndast á árinu 2008 eða síðar. Áhrif þess á reikningsskil bankans eru þau að ekki er lengur færð í efnahagsreikning félagsins tekjuskattsskuldbinding/skatteign vegna eignarhluta í félögum. Vegna þessa hefur tekjuskattsskuldbinding lækkað um 112 millj. kr. miðað við 31. desember 2007. Lækkunin var færð á fyrri helmingi ársins til tekna.

## Kröfur á lánastofnanir

6. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig eftir tegundum lána:

| | 30.6.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|
| Bankareikningar | 170.609 | 179.715 |
| Önnur lán | 73.845 | 1.785.290 |
| **Kröfur á lánastofnanir** | 244.454 | 1.965.005 |

7. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig samkvæmt eftirstöðvartíma:

| | | |
|---|---|---|
| Gjaldkræfar kröfur | 170.609 | 179.715 |
| 3 mánuðir til 1 ár | 73.845 | 1.785.290 |
| **Kröfur á lánastofnanir** | 244.454 | 1.965.005 |

## Útlán og kröfur

8. Útlán til viðskiptavina greinast þannig eftir tegundum útlána:

| | | |
|---|---|---|
| Skuldabréf | 73.682.335 | 60.744.144 |
| Önnur lán | 2.846.424 | 3.407.878 |
| Útlán til viðskiptavina án tillits til afskriftareiknings | 76.528.759 | 64.152.022 |
| Afskriftareikningur útlána í lok tímabils | (592.922) | (389.590) |
| **Útlán til viðskiptavina** | 75.935.837 | 63.762.432 |

9. Útlán til viðskiptavina greinast þannig eftir lántakendum:

| | | |
|---|---|---|
| Atvinnugreinar: | | |
| Sjávarútvegur og landbúnaður | 0,2% | 0,3% |
| Iðnaður | 17,2% | 15,3% |
| Verslun | 2,8% | 2,9% |
| Þjónusta | 16,5% | 14,3% |
| Einstaklingar | 63,3% | 67,2% |
| **Útlán til viðskipavina** | 100,0% | 100,0% |

10. Útlán til viðskiptavina greinast þannig samkvæmt eftirstöðvartíma án tillits til afskriftareiknings:

| | | |
|---|---|---|
| Gjaldkræf útlán | 647.930 | 297.537 |
| Allt að 3 mánuðir | 7.436.344 | 1.666.972 |
| 3 mánuðir til 1 ár | 5.116.035 | 3.263.123 |
| 1-5 ár | 4.144.005 | 4.867.809 |
| Yfir 5 ár | 59.184.445 | 54.056.581 |
| **Útlán til viðskiptavina án tillits til afskriftareiknings** | 76.528.759 | 64.152.022 |

## Afskriftareikningur útlána

11. Breytingar á afskriftareikningi útlána greinast þannig:

| | Sérgreint framlag | Almennt framlag | 2008 1.1 - 30.6. | 2007 1.1 - 30.6. |
|---|---|---|---|---|
| Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun | 39.995 | 349.595 | 389.590 | 331.964 |
| Virðisrýrnun útlána á tímabilinu | 123.608 | 114.177 | 237.785 | 52.687 |
| Endanlega töpuð útlán | (26.500) | | (26.500) | 0 |
| Hækkun núvirðis virðisrýrðra lána | (7.953) | | (7.953) | (2.477) |
| **Afskriftareikningur útlána í lok tímabilsins** | 129.150 | 463.772 | 592.922 | 382.174 |

## Afleiðusamningar

12. Eftirstöðvar afleiðusamninga, greiðsluröð og bókfært verð þeirra greinast þannig:

| | Höfuðstóll allt að 3 mánuðir | Samtals | Bókfært verð Eignir | Bókfært verð Skuldir |
|---|---|---|---|---|
| 30.6.2008 | | | | |
| Óskráðir framvirkir gjaldmiðlasamningar | 25.703.859 | 25.703.859 | | 1.210.834 |
| 31.12.2007 | | | | |
| Óskráðir framvirkir gjaldmiðlasamningar | 14.926.485 | 14.926.485 | 424.202 | 0 |

Tilgangurinn með ofangreindum samningum er að stjórna gjaldmiðla- og vaxtaáhættu í bankanum. Útlánaáhættan er metin 201 millj. kr. við útreikning á eiginfjárhlutfalli bankans þann 30. júní 2008 og 118 millj. kr. þann 31. desember 2007.

## Fjáreignir á gangvirði

13. Fjáreignir á gangvirði eru eingöngu hlutabréf.

## Fastafjármunir til sölu

14. Fastafjármunir til sölu eru eingöngu fullnustufasteignir.

## Aðrar eignir

15. Aðrar eignir greinast þannig:

| | 30.6.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|
| Eignir í byggingu ætlaðar til sölu | 737.804 | 726.645 |
| Ýmsar eignir | 58.343 | 24.630 |
| **Aðrar eignir** | 796.147 | 751.275 |

## Lántaka

16. Lántaka greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Útgefin skuldabréf | 1.169.260 | 1.098.312 |
| Lán frá fjármálafyrirtækjum | 71.124.584 | 63.063.089 |
| **Lántaka** | 72.293.844 | 64.161.401 |

| 17. Lántaka greinist þannig samkvæmt eftirstöðvatíma: | 30.6.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|
| Gjaldkræft | 33.545 | 81.430 |
| Allt að 3 mánuðir | 1.284.905 | 590.900 |
| 3 mánuðir til 1 ár | 26.702.922 | 20.224.300 |
| 1 - 5 ár | 44.272.472 | 37.807.375 |
| Yfir 5 ár | 0 | 5.457.396 |
| **Lántaka** | 72.293.844 | 64.161.401 |

## Eigið fé

18. Eigið fé í lok tímabilsins nemur 5.968 millj. kr. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 10,7%. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Hlutfallið reiknast þannig:

| | 30.6.2008 | | 31.12.2007 | |
|---|---|---|---|---|
| | Bókfærð staða | Vegin staða | Bókfærð staða | Vegin staða |
| Áhættugrunnur: | | | | |
| Bókfærðar eignir | 79.729.550 | 55.227.514 | 70.492.010 | 39.806.804 |
| Eignir til frádráttar eigin fé | | (25.199) | | (530.947) |
| Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings | | 200.788 | | 118.801 |
| | | 55.403.103 | | 39.394.658 |
| Eigið fé: | | | | |
| Eiginfjárþáttur A: | | | | |
| Bókfært eigið fé | | 5.967.922 | | 5.823.406 |
| Eignir til frádráttar eigin fé | | (25.199) | | (530.947) |
| | | 5.942.723 | | 5.292.459 |
| Eiginfjárhlutfall | | 10,7% | | 13,4% |

## Tengdir aðilar

19. Tengdir aðilar bankans eru móðurfélag hans, dótturfélög, hlutdeildarfélög, stjórn bankans, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif. Þessi skilgreining er byggð á IAS 24. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

| | 30.6.2008 | 31.12.2007 |
|---|---|---|
| Lán til stjórnarmeðlima og félaga tengdum þeim | 93.495 | 0 |
| Lán frá móðurfélagi | 72.127.033 | 56.554.258 |
| Lán til hlutdeildarfélaga | 1.254.300 | 624.681 |

Engin óvenjuleg viðskipti voru við tengda aðila á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2008.

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipta við ótengda aðila.

## Eftirlit og stýring lausafjáráhættu

20. Fjáreignir og fjárskuldir greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

| | Bókfært verð | Allt að 1 mánuður | 1-3 mánuðir | 3-12 mánuðir | 1-5 ár | Yfir 5 ár |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **30.6.2008** | | | | | | |
| *Eignir* | | | | | | |
| Útlán og kröfur................................................ | 76.180.291 | 1.962.541 | 5.773.265 | 5.116.035 | 4.144.005 | 59.184.445 |
| Fjáreignir á gangvirði..................................... | 124.436 | 124.436 | | | | |
| Fjáreignir samtals........................................... | 76.304.727 | 2.086.977 | 5.773.265 | 5.116.035 | 4.144.005 | 59.184.445 |
| *Skuldir* | | | | | | |
| Veltufjárskuldir ............................................. | 1.210.834 | 1.210.834 | | | | |
| Lántaka.......................................................... | 72.293.844 | 1.192.243 | 126.207 | 26.702.922 | 44.272.472 | |
| Fjárskuldir samtals......................................... | 73.504.678 | 4.490.054 | 126.207 | 26.702.922 | 44.272.472 | 0 |
| **31.12.2007** | | | | | | |
| *Eignir* | | | | | | |
| Útlán og kröfur................................................ | 63.765.653 | 297.537 | 1.666.972 | 3.263.123 | 4.871.030 | 53.666.991 |
| Veltufjáreignir................................................ | 424.202 | 424.202 | | | | |
| Fjáreignir á gangvirði..................................... | 1.323.322 | 1.323.322 | | | | |
| Fjáreignir samtals........................................... | 65.513.177 | 2.045.061 | 1.666.972 | 3.263.123 | 4.871.030 | 53.666.991 |
| *Skuldir* | | | | | | |
| Lántaka.......................................................... | 64.161.401 | 81.430 | 590.900 | 20.224.300 | 37.807.375 | 5.457.396 |

## Atburðir eftir lok tímabilsins

21. Engin efnisleg atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings, sem krefjast myndu lagfæringar og breytingar á árshlutareikningi 30. júní 2008.